

Skírni og samband þitt við Guð (2. hluti)

Byggt á 18. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is.

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, og skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.



HVERNIG VERÐUR MAÐUR HÆFUR TIL AÐ LÁTA SKÍRAST?



VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvað myndu sumir segja?

Hvað heldur *þú*?

Hvers vegna heldurðu það?

Til að vera hæfur til að skírast verður kristinn maður að haga sér á þann hátt sem er Guði velpóknanlegur.


(Sjá 18. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 8-13.)

Lestu Jeremía 20:9 og 2. Korintubréf 4:13.

Hvað ætti trú kristins manns að fá hann til að gera?

Lestu Postulasöguna 3:19.

Hvaða skref þarf kristinn maður að taka áður en hann vígir líf sitt Guði?



Ef þú gæfir vini þínum bíl myndir þú hvorki halda lyklunum né krefjast þess að keyra bílinn sjálfur. Á sama hátt gefurðu Jehóva sjálfan þig að öllu leyti þegar þú vígist honum.

Kristinn maður þarf að vígjast Guði áður en hann lætur skírast.

(Sjá 18. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblíán?* gr. 14-16.)

Lestu 5. Mósebók 6:15 og Markús 8:34.

Hvað er vígsla?

Lestu 1. Pétursbréf 4:2.

Hvaða áhrif hefur vígsla kristins manns á langanir hans og markmið?

Hvað breytingar hefurðu þegar gert til að þóknast Guði og hvaða fleiri breytingar langar þig til að gera?

3

ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

EF EINHVER SEGIR ...

Kristnir menn þurfa ekki að boða trúna. Guð vill bara að við séum góðar manneskjur.

GÆTIRÐU SAGT ...

**Margir væru líklega sammála þér. En mér finnst ég hafa ábyrgð
að boða trúna vegna þess að ...**

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

EF EINHVER SEGIR ...

Aðeins ofstækismenn helga Guði allt líf sitt.

GÆTIRÐU SAGT ...

**Ég er sammála því að Guð ætlast ekki til þess að við séum öfgafull. En ég trúi því
að hann *eigi* skilið heilshugar hollustu vegna þess að ...**

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?
